

S A M Þ Y K K T**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,
nr. 80 17. desember 1928.**

1. gr.

49. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hámarkshraði bifreiða og annarra ökutækja er 45 km á klst. Reglur þessar gilda þó ekki um umferð á Reykjanesbraut og Krísvíkurvegi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

22. desember 1976.

Nr. 445.

R E G L U R**um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum.**

1. gr.

Heimilt er skólastjóra, innan þeirra marka er reglur þessar ákveða, að veita kennurum skólans leyfi frá störfum með launum til þátttöku í íþróttamótum, enda fái þeir ekki greiðslu vegna vinnutaps frá öðrum aðilum. Leyfi þetta takmarkast við þátttöku íslendinga í Olympíuleikum, heimsmeistaramótum og hliðstæðum mótum svo sem Evrópumeistaramótum, Norðurlandameistaramótum og landskeppni.

Frekari skilyrði fyrir leyfisveitingu eru:

- a) Leyfisbeiðandi, kennari eða fyrir hans hönd samband eða sérsamband, verður í samráði við þann er fer með stjórn íþróttamála sveitarfélagsins (íþróttafulltrúa) að tryggja staðgengil, sem skólastjóri samþykkir að annist kennslustörf hans á leyfistímabilinu.
- b) Umsókn um leyfi skal berast skólastjóra minnst tveimur vikum fyrir ráðgerða brottför kennarans til móts. Í umsókninni skal greina frá mótisdögum og tíma og ferðaáætlun.
- c) Leyfið skal bundið við þann tíma er ferðir til og frá mótsstað krefjast og íþróttamótið. Ekki er skólastjóra heimilt að veita kennara leyfi með launum til æfinga eða dvalar í æfingabúðum né til einkaerinda sem ætlað er að fella saman við keppnisferðina. Sé af sérstökum ástæðum óskað eftir rýmkun frá þessum reglum skal sækja um það til menntamálaráðuneytisins með minnst tveggja vikna fyrirvara.
- d) Laun greidd kennara meðan á þátttöku í íþróttamótum stendur miðast við föst starfslaun hans, en aukavinna sem hann á að inna af hendi á sama tíma greiðist honum ekki.